

Til þess sem málið varðar.

Fyrir hönd CORDA, rannsóknarseturs í áhættu og ákvörðunarfræðum við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, vill undirritaður leggja til eftirfarandi umsögn.

Við rannsóknarsetrið CORDA (Center of Risk and Decision Analysis) hefur um nokkurt skeið verið rannsakað hvernig verkefnastjórnsýsla (project governance) er háttað á Íslandi borið saman við önnur þróuð lönd. Þá hefur einnig verið rannsakað hvernig, og að hvaða marki, íslensk löggjöf um verkefnastjórnsýslu er studd alþjóðlegum viðmiðum um stjórnun verkefna. Þessi viðmið eru m.a. gefin út af bandaríska verkefnastjórnunarfélaginu PMI og evrópsku verkefnastjórnunarsamtökunum IPMA. Loks hefur verið rannsakað hversu algeng kostnaðarframúrkeyrsla er á Íslandi og fleiri rannsóknir mætti nefna um núverandi stöðu íslenskrar verkefnastjórnunar og samanburð við önnur lönd.

Í stuttu máli hafa þessar rannsóknir sýnt fram á að kostnaðarframúrkeyrsla er algeng á Íslandi í stærri verkefnum og fagleg umgjörð opinberra verkefna ekki sú sem vænta mætti. Þó að íslensk löggjöf (lög nr. 84/2001) svipi í meginatriðum til sambærilegra laga í vestrænum lýðræðisríkjum á borð við Norðurlandþjóðirnar, Kanada, Holland o.fl. gegnir öðru máli um hina faglegu útfærslu. Lögin eru nú um stundir dag aðeins að óverulegu leyti útfærð efnislega, s.s. með útgáfu viðmiða um verklag og aðferðir. Eins og bent er á í tillögunni er venjan sú meðal ríkja með svipað stjórnarfar og Ísland að lög um opinber fjárfestingaverkefni eru studd ítarlegum lágmarksviðmiðum um ávinningsmat, stjórnarhætti, ákvörðunartöku, framvinduettirlit, áhættustjórnun o.fl. til að tryggja hagsmuni almennings og annarra hagaðila. Þessi lágmarksviðmið eru í stöðugri þróun enda fleygir þekkingu, tækni og aðferðum fram í tímans rás. Því er víðast hvar valin sú leið sem mælt er fyrir í tillögunni þ.e. að opinberir aðilar hlutist til um lifandi vettvang þar sem kröfur og leiðbeiningar um stjórnun og verklag er komið á framfæri við þá sem málið varðar.

Þessi tillaga er því fagnaðarefni enda sýna dæmin erlendis frá að hægt er að vænta mikils fjárhagslegs ávinnings fyrir lítinn tilkostnað. Auk fjárhagslegs ávinnings mun þessi formlegi samstarfsvettvangur atvinnulífs, stjórnvalda og fræðasamfélagsins nýtast til að auka samningsöryggi í viðskiptum á markaðnum, draga úr áhættu, auka gegnsæi, auka líkur á agaðri áætlunargerð og svo mætti lengi telja jákvæð áhrif á fagmennsku og ábyrga stjórnarhætti.

Þá er líklegt að slíkur vettvangur myndi hafa jákvæð áhrif út fyrir opinberar framkvæmdir þar sem vönduð verkefnastjórnsýsla hjá hinu opinbera er góð fyrirmynd fyrir markaðinn í heild. Má benda á að samkvæmt frétt á visir.is dags. 15.02.2018 um greiningu Íbúðalánasjóðs og Íslenska byggingavettvangsins verður á næstu árum fjárfest 1000 milljörðum í framkvæmdir við opinbera innviði og húsnæði.

Sá vettvangur sem þarna er mælt fyrir er því í senn tímabær og nauðsynlegur að dómi undirritaðs.

F.h. CORDA, rannsóknaseturs í ákvörðunar- og áhættufræðum,

Dr. Þórður Víkingur Friðgeirsson